

Alþingi 11.4.2016

Málsnr.: 1509114

Málalykill: 0.34.2

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík



## Persónuvernd

Rauðarárstíg 10 105 Reykjavík  
sími: 510 9600 bréfasími: 510 9606  
netfang: [postur@personuvernd.is](mailto:postur@personuvernd.is)  
veffang: [personuvernd.is](http://personuvernd.is)

Reykjavík, 6. apríl 2016

Tilvísun: 2016030544TS/--

### Efni: Umsögn um frumvarp til laga um spilahallir

Persónuvernd vísar til umsagnarbeiðni allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis frá 16. mars 2016 þar sem stofnuninni er veittur kostur á að veita umsögn um spilahallir, (þskj. 51, 51. mál á 145. löggjafarþingi).

1.

#### *Helstu ákvæði frumvarpsins um vinnslu persónuupplýsinga*

Samkvæmt 1. tölul. 1. mgr. 3. gr. frumvarpsins er með spilahöll átt við samkomustað þar sem heimilt er að reka spilastarfsemi í atvinnuskyni á grundvelli sérstaks rekstrarleyfis og þar sem viðskiptavinum er boðið að taka þátt í spilum þar sem lagðir eru undir peningar til sigurs. Fram kemur í almennum athugasemdum í greinargerð með frumvarpinu að ákvæði þess um slíkra starfsemi eru mjög mótuð af danskri löggjöf þar að lútandi, en vitnað er til þess í greinargerðinni að þar hafi sú leið verið farin að gera ríkar kröfur til eftirlits og skráningar og að öryggi væri tryggt.

Í V. kafla frumvarpsins er að finna ákvæði um viðamikla vinnslu persónuupplýsinga um viðskiptavini spilahalla. Þá er í 29. gr. frumvarpsins að finna ákvæði um að lögregla skuli leggja mat á hvort einstaklingur, sem vill starfa í spilahöll, teljist nægilega traustur og öruggur til þess, en fram kemur að í því mati sé fólgin athugun á sakaferli viðkomandi.

Meðal þess sem fram kemur í V. kafla frumvarpsins er að leyfishafi haldi skrá yfir alla viðskiptavinir þar sem upplýsingar um viðkomandi, þ. á m. auðkennisnúmer persónuskilríkis, séu varðveittar í fimm ár, sbr. 1. mgr. 24. gr., en samkvæmt 2. mgr. sömu greinar er auk þess gert ráð fyrir töku ljósmyndar af viðkomandi og varðveislu hennar um jafnlangt skeið. Einnig er gert ráð fyrir að viðskiptavinir geti farið fram á með undirritaðri yfirlýsingu að verða settir á skrá yfir einstaklinga sem vilja að sér sé meinaður aðgangur að spilahöll, en hvenær sem er eigi viðkomandi að geta farið fram á að slíkri skráningu sé eytt, sbr. 1. og 2. mgr. 25. gr. Þá er gert ráð fyrir að spilahallir skrái sérstaklega þá viðskiptavinir sem verða uppvísir að því að hafa rangt við í spilum eða að öðru refsiverðu athæfi við spil, sem og hlutdeild í slíkum brotum, sbr. 26. gr. Segir þar að samhliða slíkri skráningu skuli viðkomandi kærður til lögreglu og að lögregla skuli tilkynna spilahöll um niðurstöðu málsins, sbr. 1. mgr. ákvæðisins; ef ekki verði ákært í máli, fallið verði frá ákæru eða viðkomandi verði sýknaður skuli viðkomandi tekinn af skrá, sbr. 2. mgr. sama ákvæðis, en að öðrum kosti eyðist upplýsingar sjálfkrafa fimm árum eftir að niðurstaða fæst í viðkomandi sakamál, sbr. 3. mgr. ákvæðisins. Í 2. mgr. 27. gr. er meðal annars tekið fram að hætti leyfishafi starfsemi skuli síðasta virka stjórn hans leitast við að gögn verði áfram varðveitt í samræmi við fyrrgreint ákvæði 1. mgr. 24. gr. Þá er tekið fram í 28. gr. að leyfishafi skuli halda utan um skráningu viðskiptavina í öruggu skráningarkerfi.

## 2.

### *Afstæða Persónuverndar*


Þegar sett er löggjöf um vinnslu persónuupplýsinga er mikilvægt, í ljósi einkalífsværðarreglu 71. gr. stjórnarskrárinnar, að viðhafa vandað hagsmunamat þannig að ekki sé gengið lengra við slíka lagasetningu en nauðsyn krefur til að vernda lögmæta hagsmuni. Í því felst meðal annars að íþyngjandi skráning geti sætt endurskoðun, að upplýsingar séu ekki varðveittar lengur en þörf er á í ljósi tilgangs vinnslu, sem og að sjálfsákvörðunarréttur manna sé virtur eins og kostur er.

Af efni frumvarpsins verður ráðið að leitast hafi verið við að byggja á slíku hagsmunamati og að framan greinir við samningu þess. Eins og fyrr greinir kemur fram í greinargerð með því að litíð hafi verið til danskra lögjafar. Eru og ákvæði frumvarpsins mjög áþekkt reglum þarlendrar reglugerðar nr. 1303/2011 um spilahallir (d. bekændtgørelse om landbaserede kasinoer) þar sem meðal annars er að finna ákvæði um skráningu spilahalla á tilteknum upplýsingum um viðskiptavinir sína, þ. á m. um refsiverða háttsemi, sbr. 2. kafla reglugerðarinnar.



Sem stendur telur Persónuvernd ekki tilefni til athugasemda við einstök ákvæði frumvarpsins að því undanskildu að óljóst er hver á að hafa með höndum varðveislu gagna samkvæmt áðurnefndu ákvæði 2. mgr. 27. gr. frumvarpsins eftir að leyfishafi hættir starfsemi, auk þess sem fyrrgreint ákvæði 28. gr. frumvarpsins mætti hafa að geyma tilvísun til ákvæða um öryggi persónuupplýsinga í persónuverndarlögum.

Jafnframt áréttar Persónuvernd það sem fyrr greinir um mikilvægi þess að ekki sé gengið lengra en nauðsyn krefur við setningu lagafyrirmæla um vinnslu persónuupplýsinga. Þá skal tekið fram að verði óskað frekari umsagnar Persónuverndar um einstök álitæfni mun stofnunin fúslega verða við þeirri ósk.

Í Persónuvernd, 6. apríl 2016

  
Björg Thorarensen


formaður

Aðalsteinn Jónasson

Haraldur Briem

  
Ólafur Garðarsson

  
Sigrún Gunnarsdóttir